



**53. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 21. ágúst, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnáði honum. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Starfsmannamál.
3. Boð í Hrótey vegna verkloka verkefnisins "Opinn skógur".
4. Greinargerð Ómars Bjarka Smárásonar um hugsanlega sorpurðunarstaði á Miðnorðurlandi.
5. Erindi frá Landbúnaðarráðuneyti vegna búfjáreftirlitsmanna.
6. Fundarboð Samvinnunefndar um gerð svæðisskipulags fyrir A-Hún.
7. Fundargerðir verkfunda um svæðisskipulag A-Hún.
8. Trúnaðarmál.
9. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. Atvinnumál.  
*Almennt rætt um atvinnumál í byggðalaginu.*
2. Starfsmannamál.  
*Frestað til næsta fundar.*
3. Boð í Hrótey vegna verkloka verkefnisins "Opinn skógur".  
*Nk. laugardag 23. ágúst er bæjarstjórn ásamt bæjarstjóra og mökum boðið í athöfn í Hrótey á vegum Skógræktarfélag Austur Húnavetninga. Tilefnið er það að í Hrótey er nú "Opinn skógur" sem er samvinnuverkefni skógræktarfélaganna og Olís og Alcan á Íslandi og hefur það að markmiði að bæta aðgengi og aðstöðu í skógum skógræktarfélaganna um land allt.*
4. Greinargerð Ómars Bjarka Smárásonar um hugsanlega sorpurðunarstaði á Miðnorðurlandi.  
*Á sameiginlegum fundi sveitarstjórna Skagafjarðar, Höfðahrepps og Blönduóssbæjar hinn 21. mars sl. var samþykkt að kjósa þriggja manna verkefnisstjórn sem hafi það hlutverk að skilgreina sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna vegna sorphirðu, endurvinnslu og förgunar úrgangs. Í nefndinni eiga sæti Magnús B. Jónsson, Jóna Fanney Friðriksdóttir og Bjarni Maronsson. Hefur nefndin komið saman nokkrum sinnum og m.a. kannað möguleika á sameiginlegum sorpurðunarstað fyrir sveitarfélögin. Eftir að hafa skoðað möguleg svæði fékk nefndin Ómar Bjarka Smáráson jarðfræðing til að gera nánari úttekt á svæðum í A-Húnavatnssýslu og Skagafirði. Í greinargerð Ómars Bjarka eru listaðir upp 11 hugsanlegir urðunarstaðir sem þjónað gætu þessum sveitarfélögum og í samantekt koma fram fjórir staðir sem standa upp úr sem álitlegustu kostirnir. Næstu skref væru að vinna gróðurfarslega úttekt á umræddum svæðum og frekari*



*jarðvegsrannsóknir í samvinnu við landeigendur. Bæjarráð samþykkir að frekari vinna fari fram vegna gróður- og jarðvegsrannsókna.*

**5. Erindi frá Landbúnaðarráðuneyti vegna búfjáreftilitsmanna.**

*Í erindi ráðuneytisins er minnt á að búfjáreftilitsmenn skulu fara í eftirlitsferðir fyrir 15 apríl ár hvert til allra umráðamanna búfjár í umdæminu sem ekki starfrækja innra eftirlit sem viðurkennt hefur verið af héraðsdýralækni. Erindið er lagt fram til kynningar.*

**6. Fundarboð Samvinnunefndar um gerð svæðisskipulags fyrir A-Hún.**

*Fundur var haldinn í Samvinnunefnd um gerð svæðisskipulag fyrir A-Hún í dag kl. 13. Í kvöld kl. 20 er fyrirhugaður kynningarfundur fyrir íbúa svæðisins í Félagsheimilinu á Blönduósi.*

**7. Fundargerðir verkfunda um svæðisskipulag A-Hún.**

*Fundargerðir í framkvæmdaráði samvinnunefndar um gerð svæðisskipulags A-Hún. frá 31. mars 2003, 30. maí 2003 og 10. júlí 2003 lagðar fram til kynningar.*

**8. Trúnaðarmál.**

*Bókað í trúnaðarbók.*

**9. Önnur mál.**

- a) **Vátryggingavernd og iðgjöld sveitarfélagsins rædd.** *Ákveðið að bæjarstjóri kanni nánar hvaða kostir eru í stöðunni.*
- b) **Skólaakstur.** *Bæjarstjóra falið að ganga til samninga um skólaakstur veturinn 2003-2004.*

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 19:40.**

Hjördís Blöndal (sign.)  
Ágúst Þór Bragason (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)